

Sp. 77. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]
um raforkumál.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gísli Guðmundsson, Sigurvin Einarsson, Ásgeir Bjarnason,
Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson, Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að raforkumálastjóri og raforkuráð geri áætlanir um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu landsins, og séu áætlanirnar við það miðaðar, að öll heimili geti fengið rafmagn á sem skemmstum tíma.

Reynt verði að hraða áætlunum þessum svo, að þær verði til í ársbyrjun 1961.

Greinargerð.

Í aprilmánuði 1954 samþykkti Alþingi lög um viðauka við raforkulögin frá 1946. Viðaukalögin voru í samræmi við samning, er þáverandi stjórnarflokkar gerðu við stjórnarmyndun árið 1953. Í lögunum var ákveðið, að á 10 ára tímabili, 1954—1963, skyldi verja a. m. k. 250 millj. króna til framkvæmda í raforkumálum, fyrst og fremst til þess að koma upp raforkuverum utan orkuveitusvæða Sogs- og Laxár-virkjunar og til að gera aðalorkuveitur og dreifiveitur rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir kaupstaði, kauptún og sveitir víðs vegar um landið. Þá var og ákveðið í 2. gr. laganna, að raforkumálastjóri og raforkuráð skyldu gera áætlun um raforkuframkvæmdir á árunum 1954—1963 samkvæmt lögunum.

Á grundvelli þeirra laga, sem hér hafa verið nefnd, hefur verið unnið að virkjunarframkvæmdum og dreifingu raforkunnar undanfarin ár og miklum fjármunum til þess varið. Samkvæmt reikningum raforkumálaskrifstofunnar hefur verið varið samtals á árunum 1954—1958, að báðum meðtöldum, til stofnkostnaðar rafmagnsveitna ríkisins um 216 millj. króna og til stofnkostnaðar héraðsrafmagnsveitna ríkisins um 110 millj. kr. Á sama tímabili hafa heimtaugagjöld til héraðsrafmagnsveitnanna numið samtals um 18.3 millj. kr.

Fjárveitingar úr ríkissjóði til raforkuframkvæmdanna hafa verið samkvæmt ríkisreikningum á árunum 1954—1958:

1. Til nýrra raforkuframkvæmda:

1954	kr.	5860000.00
1955	—	5770000.00
1956	—	9860000.00
1957	—	12023649.60
1958	—	12000000.00

Alls kr. 45513649.60

2. Til raforkusjóðs:

1954	kr.	5000000.00
1955	—	5000000.00
1956	—	5150000.00
1957	—	15000000.00
1958	—	17000000.00

Alls kr. 47150000.00

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1959 var alveg fellt niður framlagið til nýrra raforkuframkvæmda, og fjárveitingin til raforkusjóðs var ákveðin 2 millj. 750 þús. kr. lægri en hún var samkvæmt ríkisreikningi 1958. Einnig kom fram í umræðum í þinginu vorið 1959, að þáverandi ríkisstjórn hafði á þrjónunum fyrirætlanir um að draga mjög mikið úr fyrirhuguðum framkvæmdum samkvæmt 10 ára áætluninni. Sætti það þegar mjög ákveðnum andmælum.

Niðurskurðurinn á ríkisframlaginu 1959 og niðurfelling áður umsaminna bankalána á því ári hefur orðið til þess að tefja fyrir framkvæmdunum. Er nú brýn þörf að auka framlögin aftur, svo að unnt sé að hraða þessum þýðingarmiklu framkvæmdum sem mest.

Við dreifingu raforkunnar um sveitirnar er nú þeirri reglu fylgt, að rafmagnið er lagt um þau svæði, þar sem línulengd frá aðalveitu er ekki meiri en ca. 1 km að meðaltali á hvert býli. En fjöldi sveitabýla er á strjálbýlli svæðum, og þarf að taka til athugunar og ákvörðunar, hvernig fullnægt verði raforkuþörf þeirra

heimila. Skal hér bent á, að til undirbúnings ákvörðunum um þetta efni væri t. d. þörf að rannsaka:

1. Hve mörg sveitabýli eru á svæðum, þar sem meðalvegalegd milli býla er 1—1.5 km.
2. Hve mörg býli eru á svæðum, þar sem vegalengdin er að meðaltali 1.5—2 km.

Auðvelt ætti að vera að leiða þetta í ljós, og mætti þá áætla kostnað við samveitur um þau svæði. Þegar slíkar áætlanir liggja fyrir, þarf sem fyrst að taka ákvarðanir um það, að hve miklu leyti verður séð fyrir raforkuþörf sveitanna með línunum frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins, og jafnframt að ákveða eðlilega og sanngjarna aðstoð af opinberri hálfu umfram það, sem nú gerist, til þeirra, sem verða utan samveitusvæðanna og þurfa að koma upp smástöðvum til framleiðslu á rafmagni.

Mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur þegar fengið raforku til heimilisþarfa og annarra nota, að langmestu leyti frá virkjunum og orkuveitum, sem komið hefur verið upp af ríkinu eða með stuðningi þess. Þeir landsmenn, sem ekki njóta enn þessara þæginda, eiga einnig rétt á því, að gerðar verði ráðstafanir af hálfu þess opinbera til að bæta úr þörfum þeirra í þessu efni, og þeir eiga rétt á því að fá, svo fljótt sem unnt er, vitneskju um, hvers þeir megi vænta.

Þá þarf og að halda áfram athugunum og rannsóknum til undirbúnings viðbótarvirkjunum og nýjum aðalorkuveitum (háspennulínum) til þess að unnt verði að fullnægja raforkuþörfinni í framtíðinni.

Þau þýðingarmiklu mál, sem hér hafa verið nefnd, þarf að taka til rækilegrar athugunar hið allra fyrsta, og því er tillaga þessi fram borin.